

425. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 25. mars 2021 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Hafdís Gunnarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Steinunn Guðný Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamála: Helga Björk Jóhannsdóttir, fulltrúi stjórnenda,

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2021 - 2020090032

Kynntur verkefnalisti fræðslunefndar og farið yfir gang mála á honum.

Lagt fram til kynningar.

2. Ósk um aukið starfshlutfall frá grunnskólanum á Suðureyri - 2020050038

Kynnt staðan á þróunarverkefni sem Grunnskólinn á Suðureyri hefur unnið með í vetur og fékk úthlutað auka stöðugildi út á haustið 2020.

Verkefnið snýst um það að efla kennslu í íslensku til að auka möguleika nemenda af erlendum uppruna á að standa jafnfætis öðrum íslenskum börnum þegar í framhaldsskóla er komið.

Einnig er lögð fram beiðni Jónu Benediktsdóttur skólastjóra á Suðureyri um heimild til að halda inni stöðugildunum við skólann til áframhaldandi þróunar á verkefninu.

Fræðslunefnd þakkar kynninguna og Jónu fyrir frábært verkefni. Fræðslunefnd gerir að tillögu sinni að verkefninu verði haldið áfram og gert verði ráð fyrir því í næstu kennsluúthlutun og fjárhagsáætlunavinnu. Starfsmönnum sviðsins er falið að vinna áfram með málið.

Gestir

Jóna Benediktsdóttir skólastjóri grunnskólans á Suðureyri - 08:15

3. Viðbragðsáætlanir í grunnskólum Ísafjarðarbæjar - 2021030084

Lögð fram ný viðbragðsáætlun gegn einelti í Grunnskólanum á Ísafirði. Þar sem kynntur er ferill við vinnslu eineltismála og samskiptavanda.

Lagt fram til kynningar.

4. Starfsáætlanir og skýrslur grunnskóla Ísafjarðarbæjar starfsárið 2020-2021 - 2020110059

Lögð fram símenntunaráætlun Grunnskólans á Þingeyri fyrir skólaárið 2020-2021

Lagt fram til kynningar.

5. Ytra mat á grunnskólanum á Þingeyri og grunnskóla Öfundarfjarðar 2019 - 2019070017

Lögð fram framvinduskýrsla Grunnskólans á Þingeyri og Grunnskóla Öfundarfjarðar til mennta- og menningamálaráðuneytisins, vegna ytra mats sem framkvæmt var í skólunum vorið 2019.

Lagt fram til kynningar og áfram verður unnið samkvæmt umbótaáætlun skólans.

6. Ytra mat á leikskólanum Laufási Þingeyri og leikskólanum Grænagarði Flateyri framkvæmt af Menntamálastofn 2019 - 2019070016

Lögð fram framvinduskýrsla leikskólans Laufáss á Þingeyri og leikskólans Grænagarðs á Flateyri til mennta- og menningamálaráðuneytisins, vegna ytra mats sem framkvæmt var í skólunum vorið 2019.

Lagt fram til kynningar og áfram verður unnið samkvæmt umbótaáætlun skólans.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 8:58

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Kristján Þór Kristjánsson

Jónas Þór Birgisson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Magnús Einar Magnússon

Guðrún Birgisdóttir